



KJARVAL 1918-1923

■ Kjarval er nánast stofnun nú í dag. Kjarvalstaðir, Kjarvalshús, Kjarvalsmyndir á veggjum allra sem einhvers mega sín. Eins og flestir nýjungagjarnir listamenn átti Kjarval þó á brattann að sækja í upphafi, hann leitaði sér að formi við hæfi og Íslendingar sem voru lítt uppaldir í lystisemdum augans tóku honum heldur fálega í fyrstu. Hér er stiklað á stóru í samantekt um viðbrögð fólks við Kjarval sem Eggert Þór Bernharðsson sagnfræðinemi vann við Háskóla Íslands. Greinin birtist í heild sinni í „Sögnum“, ágætu tímariti sagnfræðinema, auk þess sem þar er tæmandi heimildaskrá. Eftirfarandi er útdráttur og endursögn úr grein Eggerts „Kjarval 1918-1923.“

Í dag eru verk Kjarvals yfirleitt dád og flestir Íslendingar stoltir af meistaranum, en fyrstu ár hans á Íslandi eftir að formlegu listnámi hans lauk var slíku ekki til að dreifa. Hér er leitað við að varpa örliðu ljósi á viðtökur sem Kjarval hlaut á þessum árum, þ.e. frá 1918 til ársloka 1923. Aðalheimildir eru dagblöð frá þessum tíma, einkum listdómar um sýningar Kjarvals, greinar um hann, ummæli og viðtöl.

Menn hafa löngum verið ósamála um Kjarval og á það jafnt við um list hans og jafn einfaldan hlut og fæðingardag hans og ár. Sumir segja hann fæddan 1882, aðrir 5. maí 1886, en flestir telja að hann sé borinn árið 1885, þó er umdeilt hvenær ársins. Líkast til er réttast að taka undir skoðun Björns Th. Björnssonar, sem telur Kjarval fæddan 15. október 1885, einkum vegna þess að sú dagsetning er færð inn í ministerialbók Meðallandsþinga, þar var Kjarval fæddur, að Efri-Ey.

Sem drengur hneigðist Kjarval fljótt að teikningu. Í viðtali árið 1935 hélt hann sig hafa verið á átunda árinu þegar hann byrjaði fyrst að teikna. Síðar eignaðist hann litastokk, þá tóku myndir hans á sig allt annað yfirbragð. En hvað varð um þessi bernskubrek hans. Kjarval svaraði því sjálfur í viðtali við Mbl. 1935: „Fólkið var alltaf að fara til Ameríku þá. Og það vildi hafa

þessar myndir með sér. Og ég veit ekkert hvað af þeim varð. Ég gaf þeim myndirnar.“

„eðlisgáfan og lærdómsleysið“

Árið 1901, 16 ára unglingur, kom Kjarval til Reykjavíkur — að visu hét hann bara Jóhannes Sveinsson þá, Kjarvalsnafnbótina tók hann ekki fyrr en 1911. Hann var löngum til sjós á skútu, þén- aði peninga sem Kjarval segist hafa málað út úr höndunum á sér aftur. Í Reykjavík fengust þó oliulitir, það var ekki svo litill kostur að geta málað með olíu.

A milli vertíða reyndi Kjarval að draga að sér þau föng sem voru tiltæk í málalístinum. Í ágúst mánuði 1908 hélt hann sína fyrstu málverkasýningu í Gúttó. Lögrétta birti stutta umsögn um sýninguna þ. 19. ágúst. Þar sagði að tvennt væri einkum áberandi — „eðlisgáfan og lærdómsleysið“, og í lokin var spurt: „Hvað verður nú Íslandi úr þessu listamannsefni?“

Einhverjar dyr opnuðust fyrir listamannsefninu. Ungmennafélag Reykjavíkur, stofnað 1906, tók hann upp á arma sína, gerði vonir hans að sinum. Ungu mennirnir í félaginu vildu koma honum til náms, stóðu m.a. fyrir happ- drætti í því skyni. Einnig gengu fjórtán ungmennafélagar í bankaábyrgð fyrir hann.

Eftir aðra málverkasýningu sína á Seyðisfirði 1911 steig Kjarval á skipsfjól og hélt til London. Hann segir svo frá: „Aldrei hefi ég málað eins mikið eins og síðasta mánuðinn sem ég var hérna áður en ég sigldi. Ég hafði litinn litakassa, sem var rétt eins og leikfang. En ég málaði allan daginn, alla daga. Ekkert veit ég hvað orðið hefir af öllum þeim myndum.“

Í London fékk Kjarval ekki inni í The Royal Academy of Arts. Engu að síður lærði hann sitt-hvað, hans skóli voru listasöfn stórborgarinnar. Margar myndir hans upp frá þessu bera merki áhrifa frá enska málaranum J.W. Turner.

Kjarval dvaldist aðeins einn vetur í London, sumarið 1912 hélt hann til Kaupmannahafnar og hóf nám við Konunglegu akademíuna, tók þaðan lokapróf 1918. Í Akademíunni lærði Kjarval ýmislegt, en æði oft sniðgekk hann gamalgrónar og ríkjandi venjur. Hann sýndi fljótt hversu sjálfstæður hann var í list sinni.

Skjöldur eða plata?

Í ágúst 1913 hélt Kjarval málverkasýningu í Iðnskólanum. Af því tilefni skrifaði Einar Benediktsson skáld m.a. í Isafold:

„J.K. er ennþá ófullger listamaður í teikning. En það sem hann hefir gert nú þegar með litunum, sýnir að hann hefir óalgenga gáfu til þess sem hann hefir lagt fyrir sig. Hugsjónir hans eru háar og víðar: þær eru taumlausar og varla hans eigið viðfangsefni sumar hverjar. J.K. á eflaust þá frumlegustu gáfu og bestu hæfileika til að verða listmálari sem komið hefir fram hér síðan Sigurður Guðmundsson var uppi.“

Enn hélt Kjarval sýningu í október 1914 og þá í Vínarminni í Reykjavík. Hann fær lofsamleg ummæli í Lögréttu, þó virðist sýningin ekki hafa vakið mikla athygli ef marka má blöðin. Sýnu meiri athygli vakti „frelsis skjöldur“ sem Kjarval var beðinn að teikna 1918. Skjöldurinn var eins konar aftaki minningarskjals Benedikts Gröndal og var gerður í tilefni nýfengis fullveldis. Þetta var veggskjöldur og átti að seljast víða um Norðurlönd.

Ríkháður Jónsson myndskeri sagði svo um skjöldinn: „Veggskjöldur þessi er stórhreinlegur mjög, jafnt að gerð sem hugsun, og vel igrunduð innsigli þessara tímamóta“ (Vísir 1. des. 1918).

Ekki voru þó allir á sama máli og Ríkháður um ágæti skjaldarins. „Argus“ skrifaði í Vísir 13. des.: „Ég hefi verið að biða eftir að einhver segði hreinskilnislega sannleikann um plötuna, sem hann Kjarval hefir búið til í minningu hins nýfengna fullveldis... Í mínum augum er platan listamanninum Kjarval til skammar. Öllum sem einhverja ögn hafa af listfengni og fegurðartilfinningu, hlýtur að þykja platan bæði ljót og klunnaleg.“

„Argus“ talar um skjöldinn sem plötu og undirstrikar þannig vankanta hans. Þrátt fyrir að skjöldurinn hljóti að hafa vakið talsverða eftirtekt, kannski ekki sist vegna blaðaskrifa, skilst manni á Morgunblaðinu 19. maí 1919 að Kjarval sé flestum lokuð bók:

„En hvar stendur hann nú? Um það vita Íslendingar yfirleitt fremur lítið. Margir hafa gleymt honum og fáir veitt honum athygli eða sýnt honum ræktarsemi. Hann hefir barist áfram og haft stuðning fátíra. En hann hefir sigrað samt.“

Óþjóðlegur listamaður?

Greinin í Morgunblaðinu er afar lofsamleg, þar er lagt út af list Kjarvals — „Hann er frumlegur með afbrigðum og litaskáld, en ekki myndavél.“ Og einnig vitnað í jákvæð og nokkuð

upphafin ummæli úr Berlinske Tidende í Kaupmannahöfn.

En kunnir íslenska þjóðin að meta þennan sérstæða listamann? Var hann ekki of háfleygur fyrir fólk sem var alið á sjálfstæðisbaráttunni og þjóðlegum bókmenntum. Var ekki óþjóðlegt að láta myndunaraflíð ráða ferðinni, að mála nærmyndir af hrauni og moldarbörðum, að skapa forynjur og ferliki, að semja „gátur“ með litum og blýanti?

Í maímánuði 1919 opnaði Kjarval málverkasýningu í húsi KFUM og sýndi þar um 20 myndir. Þetta var fyrsta sýning hans hér heima eftir að hann lauk formlegu listnámi.

Þegar sýningin hafði staðið í tvo daga voru 6-7 myndir seldar. Það má telja viðunandi viðtökur í ljósi þess að Kjarval virðist hafa verið máturega þekktur meðal almennings. Þó er líklegt að það hafi einkum verið vinir og styrktarmenn sem ruku til og keyptu myndir listamannsins unga. Það má ætla að alþýðu manna hafi þótt list hans „einkennileg“ eins og oft vill verða um list nýjungamanna. Grein eftir Ríkhárd Jónsson í Tímanum 7. júní 1919 bendir eindregið til þess að Kjarval hafi ekki notið alþýðuhlíli. Ríkháður tekur í raun upp hansann fyrir Kjarval:

„Mér virðist enginn vafi leika á því, að Kjarval er að verða einn af fremstu listamönnum Íslands, a.m.k. hvað snertir meðferð líta. Sum af verkum Kjarvals og annarra nútímamálara eru þannig, að þau virðast ekki jafn auðskilin eins og t.d. venjulegar landslagsmyndir. — Um slík verk segja sumir menn, að þannig megi ekki búa til listaverk. En þar kennir þróingsýni allmikillar.... Vel sé Kjarval fyrir það sem hann hefir þegar gert, og vel sé hverjum þeim, sem reynir að skilja áður en hann kveður upp hina hörðu dóma yfir þeim, sem skapa nýja fegurð í heiminum.“

„Líkur íslensku fjalli á baksvipinn“

Ekki verður þó séð að fólk hafi mælt því í mót að verk Kjarvals væru list, alltént ekki opinberlega. Ýmislegt bendir þó til þess að sýningin hafi ekki gert alltof mikla lukku og að aðsóknin hafi ekki verið mikil. Í grein í Mbl. 31. maí 1919 segir m.a. um myndir Kjarvals: „Ég sé þær ekki til nokkurrar hlitar fyrr en ég kom að skoða þær í þriðja sinn. Þá fyrst fór ég óhræddur út frá þeim.“

Það hefur án efa verið óalgengt og nýjung fyrir fólk að þurfa að fara mörgum sinnum á sömu sýn-

inguna til þess að reyna að höndla málverk á hefðbundinn hátt. Eftir þessa sýningu Kjarvals 1919 má álykta að viðtökurnar hafi verið mjög á þann veg að hann hafi verið álitinn einkennilegur listamaður og torskilinn í meira lagi. Í dagblöðum var þó alltaf reynt að halda uppi málstað hans. Þar sjást orð eins og „ævintýralegur, tróllslegur, stórfenglegur, einkennilegur, undrageimur, hátíðleiki.“ Menn skynjuðu að þarna var eitthvað nýtt á ferðinni, en kunnur ekki alveg að bregðast við því.

Það voru ekki bara myndirnar heldur einnig listamaðurinn sjálfur sem var talinn einkennilegur. Lýsing sem birtist í Tímanum sumarið 1919 sýnir vel þann dularhjúp sem umlukti meistaraninn í augum almennings: „Jóhannes er mikill vexti, því nær 3 álnir á hæð, og fornmannlegur í útliti. Líkur íslensku fjalli á baksvipinn. Hann er fötur í andliti, nokkuð stórskorinn, hárið mikið, dökkt, ekki hrokkíð. Hann er oftast nokkuð þungubúinn og hugsandi, röddin djúp og skýr.“

„Skógarhöll. Það er lausnin.“

Í september 1919 var opnuð fyrsta íslenska listsýningin á vegum Listvinafélagsins. Þar sýndu fjólmargir listamenn, þeirra á meðal Kjarval. 7. september voru nokkrar myndir seldar, en engin þeirra eftir Kjarval. Það segir nokkuð um hve lengi fólk var að taka við sér þegar hann var annars vegar, áður en yfir lauk seldust þó nokkrar myndir hans. Ríkið keypti mynd sem mesta athygli vakti á sýningunni „Skógarhöll“ eftir Kjarval. „Rab“ segir um „Skógarhöllina“ í Vísir 13. september: „Fyrst leiddist mér að horfa á alla þessa sívölu stofna. En eitthvað seiddmagn hélt mér föstum. Skógarhöll. Það er lausnin. Það er ekki skógur heldur skógarhöll.“

En ekki var „Rab“ jafn ánægður með myndina „Jónsmessunótt“, einnig eftir Kjarval: „Ég kann ekki að meta þessa hryggbrotnu og sligudu húðarjálka. Þeir vekja hjá mér viðbjóð og andstyggð á þessum skripalátum og Jónsmessustemmningin fer út um þúfur. Það getur vel verið að Danir, sem þekkja Jónsmessunótt á Dyrehavsbakken með hrossabrestum og „cymbrahýli“ geti metið þetta, en varla Íslendingar. Íslensk Jónsmessunótt er kyrrðin sjálf og hin rólegasta tign.“

Það lýsir vel fjölbærni Kjarvals að ólíkar myndir hans virkuðu mjög misjafnlega á sömu manneskju, allt frá dásamlegu seið-